

## 5.4 Mat í þágu náms/ leiðsagnarmat

<p><b>Þemu</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Matsaðferðir</li><li>• Áætlanir um nám og viðfangsefni</li><li>• Notkun matsupplýsinga til að greina námsstöðu nemenda og skipuleggja áframhaldandi nám</li><li>• Fyrirkomulag skráningar og vitnisburðar</li></ul>	<p><b>Yfirlit gæðagreinis</b></p> <p>Þessi gæðagreinin varðar skuldbindingu starfsfólks, nemenda og foreldra til að nýta fjölbreyttar niðurstöður námsmats til að efla nám og þroska og íhuga gæði kennslunnar. Hann beinir sjónum að námsmati sem lykilþætti í námi nemenda, kennslu og gæðum námsverkefna sem hæfa öllum nemendum. Gæðagreininirinn dregur fram mikilvægi þess að nemendur, foreldrar og kennarar vinni saman að því að setja markmið. Hann tekur einnig á ábyrgð kennara á að tryggja viðeigandi framfarir í námi hjá öllum nemendum.</p>
<p><b>Dæmi um einkunnina 5</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Námsmat okkar er byggt á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur og byggir á grunduðum og krefjandi spurningum um árangur í námi. Við notum fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur í umræður um eigin skilning og framfarir.</li><li>• Við veitum nemendum okkar vandaða endurgjöf og hjálpum þeim að skilja næstu skref í náminu. Nemendur okkar taka sjálfir þátt í að meta eigin framfarir og taka reglulega þátt í jafningjamati. Við lögum kennslu okkar og þann stuðning sem veittur er nemendum, að niðurstöðum leiðsagnarmats.</li><li>• Við skipuleggjum góð námsverkefni byggð á þekkingu okkar á námi, námsárangri og þroska nemenda. Við þekkjum vel og bregðumst við þörfum allra nemanda, styrkjum færni þeirra og hæfileika og tökum mið af fyrra námi þeirra.</li><li>• Við notum upplýsingar úr námsmati vel til að meta nám og kennslu og stuðla að bættu skólustarfi. Við skoðum og metum hvern einstakling gaumgæfilega. Við deilum reynslu af námsmati okkar með samstarfsfélögum og ræðum hana til að tryggja að námskröfur séu samræmdar, fylgjumst með árangri og notum upplýsingarnar við námsáætlanagerð. Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur.</li></ul> <p><b>Dæmi um einkunnina 2</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Þrátt fyrir að við höfum almenna yfirsýn á námsframvindu nemenda er hún stundun byggð á veikum grunni. Við virkjum nemendur ekki alltaf til samræðna um námsmat og veitum þeim ekki góða endurgjöf. Nemendur taka ekki fúslega þátt í mati á námsframvindu sinni. Við bregðumst ekki alltaf á virkan hátt við viðbrögðum nemenda í kennslustundum.</li><li>• Við skipuleggjum nám og kennslu vandlega en einstaklingsmiðum þær ekki nógu vel eða notum til þess þekkingu okkar á námi nemenda, námsframvindu og úrræðum sem við höfum fengið upplýsingar um, t.d. frá sérfræðingum og samstarfsfólki.</li><li>• Við þyrftum að nota matsupplýsingar betur til að bæta störf okkar. Á sumum sviðum er námsmat ofnotað. Við fylgjumst með námsárangri nemenda og nýtum sumar upplýsingar sem við höfum til skipulagningar en nemendur skilja ekki alltaf hvers er vænst af þeim í námi og hvernig þeir geta tekið framförum.</li><li>• Skipulag okkar á skráningu birtir ekki augljóslega námsframvindu nemenda. Við greinum foreldrum og nemendum frá almennum skrefum í námsframvindu en ekki frá bestu leiðum til námsárangurs. Foreldrar eru óruggir vegna hugtaka sem okkur er tamt að nota. Við veitum ekki reglulega upplýsingar um framfarir nemenda.</li></ul>	

